



Ársfundur 16. maí 2024

Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2023 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 35 sjóðfélagar hjá 4 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 4 frá fyrra ári. Árið þar áður fækkaði greiðandi sjóðsfélögum um 15 og hefur því greiðandi sjóðsfélögum fækkað um 19 á tveimur árum. Iðgjöld námu samtals 41 milljón króna og hækkuðu um 10,8% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 32 en voru ári áður 37.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.325 milljónum króna og hækkuðu um 7,7% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 771 á árinu 2023 og 756 á árinu 2022 en á árinu 2021 nam fjöldinn 726.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 7,7% og hrein raunávöxtun -0,3% samanborið við -0,4% nafnávöxtun og -9,1,0% raunávöxtun á árinu 2022. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.030 milljónum króna og hækkaði um 1,8% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 2,2% og 3,1% ef horft er til síðustu 10 ára sem er undir ávöxtunarmarkmiði sjóðsins en til marks um íhaldssama fjárfestingarstefnu.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 517 m.kr. á árinu. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu um áramót 25.414 m.kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs 14.361 kr. Áfallnar skuldbindingar nema því 11.053 m.kr. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir um 56,5% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.